

L Ö G

viðvirkjandi nafnbreyting Vinnuveitendafélags Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ákvæði í nügildandi löggjöf ríkisins, sem snerta Vinnuveitendafélag Íslands, skulu jafnt gilda um félagsskap þennan, þótt nafni félagsins verði breytt og það nefnt Vinnuveitendasamband Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík, 13. febrúar 1948.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G

um samkomudag reglulegs Alþingis 1948.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Reglulegt Alþingi 1948 skal koma saman ellefta dag októbermánaðar, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 13. febrúar 1948.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.